



Fjölbrautaskóli Suðurlands
Haustönn 2024

ENSK3ER05

Enska í
raunveruleikanum

Kennari:	Kristjana Hrund Bárðardóttir	Sk.st.	KHB
-----------------	-------------------------------------	---------------	------------

Áfangalýsing:

Nemendur fá að upplifa ensku í raunveruleikanum: Skipuleggja ferð til enskumælandi lands, sækja um vinnu á ensku, fylla út evrópska tungumála ramman, upplifa safnamenningu og ýmislegt fleira tengt raunveruleika hins enskumælandi borgara.

Undanfari:

ENSK2OR05

Þekkingarviðmið:

Nemendur skulu þekkja og skilja:

- menningu í enskumælandi landi
- orðaforða sem tengist daglegu lífi í enskumælandi landi
- ýmiskonar umsóknarferlum
- evrópsku tungumálamöppunni
- safnamenningu

Leikniviðmið:

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- að skilja mál sem talað er með mismunandi hreim og við mismunandi aðstæður
- lestri margs konar gerða af textum og beita þeim lestraraðferðum sem við eiga eftir því hvorrar gerðar textinn er,
- að taka virkan þátt í samskiptum á viðeigandi hátt og beita málfari við hæfi,
- að tjá sig skýrt og hnökralaust um málefni sem hann hefur kynnt sér og undirbúið,
- að skrifa margs konar texta, formlega og óformlega, og fylgja helstu rithefðum og reglum um málbeitingu.

Hæfniviðmið:

Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- skilja daglegt mál, svo sem samræður og fjölmiðlaefni,
- tileinka sér efni ritaðs texta og hagnýta á mismunandi hátt,
- lesa texta þar sem ákveðin viðhorf eða skoðanir eru kynnt, bregðast við eða tjá skoðanir sínar munnlega eða skriflega um efni þeirra,
- lesa á milli línanna,

- leysa ýmis mál sem upp koma í samskiptum og haga orðum sínum í samræmi við aðstæður,
- taka þátt í skoðanaskiptum
- eiga frumkvæði í samræðum og bregðast við óvæntum spurningum og athugasemdum,
- tjá sig á skýran og áheyrilegan hátt
- geta útskýrt sjónarmið varðandi efni sem er ofarlega á baugi,
- skrifa margs konar texta og fylgja þeim ritunarhefðum sem eiga við í hverju tilviki fyrir sig,

Námsefni:

Tekið saman af kennara, nemendum og safnverði Byggðarsafns Árneseinga

Áætlun um yfirferð og verkefnaskil:

Nánari áætlun verður gerið í samráði nemenda og kennara

Sérreglur áfangans:

- Ætlast er til af kennara að nemendur fylgist með kennsluáætlun og tilkynningum í Innu.
- Gefin er einkunnin 0/núll fyrir verkefni sem ekki er skilað
- Samkvæmt stefnu deildarinnar, er ritstuldur (plagiarism) óásættanlegur. Gefið er 0 fyrir verkefni sem nemendur skila sem ekki er þeirra (copy-paste, unnið með AI eða fengið að láni frá öðrum). Þetta gildir líka um þá sem lána öðrum verkefnin sín.
- Notkun farsíma í tíma einskorðast við notkun hans sem kennslutæki og bara þegar við á.

Námsmat:

Notast verður við jafningjamat og sjálfsmat ásamt verkefnaskilum. Skipting námsmats verður í samráði við nemendur.

Grófleg skipting námsmats:

Ferð erlendis 30%

Atvinnu viðtal, evrópski tungumálaramminn og safnaverkefni 40%

Skáldsaga/sjónvarpssería 20%

Ástundun 10%

Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.

21. ágúst 2024 – Kristjana Hrund Bárðardóttir